



Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
801 Selfoss
Vt. Kristófer Tómasson

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 19.08.21	K/S 0.8
Ábm. <i>Snylmál</i>	Svfr.
Afgr.	() Bréf () St.
Lvm.	Trm.

024.1/GG


Efni: Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf. 2021

Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf., kt. 511094-2249, verður haldinn mánudaginn 30. ágúst 2021 á Grand Hóteli við Sigtún 38 í Reykjavík (fundarstofa: *Útgarður* á 13. hæð) og hefst kl. 16.00. Vegna hinna sérstöku aðstæðna í samfélaginu og sóttvarna þeirra vegna er þó gerður sá fyrirvari að fundinn kann að þurfa að halda með fjarfundarbúnaði, en komi til þess verður hluthöfum og stjórnarmönnum tilkynnt um það í tölvupósti.

Dagskrá fundarins verður sem hér segir:

1. Setning.
2. Kjör fundarstjóra.
3. Könnun á mætingu hluthafa og umboðsmanna þeirra á fundi.
4. Kjör fundarritara.
5. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á árinu 2020.
6. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2020 kynntur og lagður fram til samþykktar.
7. Ákvörðun um meðferð hagnaðar.
8. Ákvörðun um stjórnarlaun og laun endurskoðanda.
9. Kjör stjórnar og varamanna.
10. Kjör endurskoðanda.
11. Önnur mál.

Tillögur sem hluthafar vilja leggja fyrir fundinn þurfa að hafa borist stjórn félagsins eigi síðar en kl. 12.00 mánudaginn 23. ágúst 2021 og skulu þær sendar á skrifstofu félagsins. Ársreikningur félagsins og tillögur þær sem fyrir fundinum liggja verða hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins í eina viku fyrir fundinn.

Reykjavík, 13. ágúst 2021
Fyrir hönd stjórnar Vottunarstofunnar Túns ehf.

Gunnar Á. Gunnarsson
Framkvæmdastjóri